

Mál nr. 146/2007

M

og

Vátryggingafélagið X v/málskostnaðartryggingar fjölskylduþryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar við málarekstur.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.07. 2007, ásamt fylgiskjölum þ.á m. skýrslum lögreglu og afriti héraðsdómsd mál E-7293/2006.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.08. 2007.

Málsatvik.

M gerir kröfu til viðurkenningar á skyldu félagsins til greiðslu á málskostnaði sem felldur var á hann í héraðsdómsmáli. Um var að ræða einkamál þar sem hann var krafinn um bætur fyrir að hafa valdið starfsmanni veitingastaðar líkamstjóni. Til átaka hafði komið milli M og starfsmanns staðarins þann 28.11. 1999 þegar verið var að vísa M og félag hans út af staðnum. M var sýknaður af kröfum starfsmannsins sbr. fyrirbyggjandi gögn.

Félagið telur ljóst að M (vátryggingartaki) hafi verið grunaður um refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum nr. 19/1994. Félagið telur að maður geti verið grunaður um refsiverðan verknað skv. skilmálum þrátt fyrir að kæra hafi ekki verið lögð fram. Höfðað hafi verið einkamál gegn M þar sem því var haldið fram að hann hafi veitt stefnanda í málinu áverka með líkamsárás. Hann hafi því verið grunaður um að hafa viðhaft refsiverðan verknað. Í vátryggingaskilmálum sé ekki krafist að vátryggður þurfi að hafa verið sakfelldur fyrir refsiverðan verknað til þess að fyrirgera rétti sínum til bóta. Félagið vísar og til þess að í skilmálum komi fram að vátryggður hafi fyrirgert rétti sínum til bóta ef tjón verður rakið til ölvunar en vátryggingartaki (M) sagði skv. gögnum málsins muna lítið eftir kvöldinu sökum ölvunar. Félagi hans og önnur vitni bera einnig á sama veg. Félagið telur að M hafi verið ölvaður og því fyrirgert rétti sínum til bóta úr vátryggingu þeirri sem hér er til umræðu enda telur félagið ljóst að orsakasamband sé á milli ölvunar hans og þess tjóns sem varð í kjölfarið.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann hafi verið sýknaður af bótakröfu, hann hafi ekki verðið kærður til lögreglu sbr. nánar röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. M var sakaður um líkamsárás þrátt fyrir að hann hafi ekki verið kærður til lögreglu. Höfðað var einkamál gegn M þar sem því var haldið fram að hann hafi veitt stefnanda í málinu áverka með líkamsárás. Hér er um undanskilda áhættu að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum. Skilmálar gera ekki kröfu til þess að viðkomandi sé kærður til lögreglu eða verði sakfelldur fyrir refsiverðan verknað til þess að fyrirgera rétti sínum til bóta. Í skilmálunum segir að "vátryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur vátryggðum vegna brots sem er saknæmt". Í því tilviki sem hér um ræðir var um slíkan grun að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda vátryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 14. ágúst 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.